

**[SKAL PRENTA Á BRÉFSEFNI FSCS]**

Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta  
Borgartúni 26, 3. hæð  
105 Reykjavík  
Ísland

B.t. framkvæmdastjóra

2010

Ágæti viðtakandi,

**Uppgjörssamningur frá 5. júní 2009, eins og honum var breytt með samningi um breytingar á honum frá 19. október 2009, hvor um sig milli breska tryggingarsjóðsins (FSCS) og Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta á Íslandi (TIF)**

1. Vísað er til:
  - a) uppgjörssamnings milli FSCS og TIF frá 5. júní 2009 („**upprunalegs uppgjörssamnings**“),
  - b) samnings um breytingar á upprunalega uppgjörssamningnum, einnig milli FSCS og TIF, frá 19. október 2009, þar sem kveðið er á um tiltekna breytingar á upprunalega uppgjörssamningnum (upprunalegi uppgjörssamningurinn eins og honum er þannig breytt, („**breytts uppgjörssamnings**“), og
  - c) útgreiðslu-, endurgreiðslu- og skaðleysissamnings sem dagsettur er [\*\*] 2010 milli Tryggingarsjóðs innstæðueigenda, Íslands og breska fjármálaráðuneytisins („**útgreiðslu-, endurgreiðslu- og skaðleysissamnings**“).

Hugtök sem skilgreind eru í breytta uppgjörssamningnum hafa sömu merkingu í þessum hliðarsamningi (e. letter). Vísanir til málsgreina og liða í hliðarsamningi þessum skulu teljast vísanir til málsgreina og liða í breytta uppgjörssamningnum nema annað sé tekið fram.

2. Samningsaðilar staðfesta (til að fyrirbyggja vafa) að allar vísanir í breytta uppgjörssamningnum til „lánssamningsins“ skuli frá og með gildistöku útgreiðslu-, endurgreiðslu- og skaðleysissamningsins teljast vísanir til „útgreiðslu-, endurgreiðslu- og skaðleysissamningsins“. Í samræmi við það:
  - a. skal vísun til lánssamningsins í bakgrunnlið g) í breytta uppgjörssamningnum vera vísun til útgreiðslu-, endurgreiðslu- og skaðleysissamningsins,

- b. skal vísun til uppsafnaðra vaxta frá þeim degi sem FSCS greiðir út fjárhæðir í grein 1.3 í breytta uppgjörssamningnum, í samræmi við útgreiðslu-, endurgreiðslu- og skaðleysissamninginn, eiga við uppsafnaða vexti frá 1. október 2009 og orðin frá og með „að viðbættum vöxtum“ í fyrstu setningu liðar 1.3. skulu höfð að engu, og
  - c. staðfestir FSCS að greiðsla TIF á 333.000 evrum til FSCS, samkvæmt framsalssamningi milli þessara aðila dagsettum sama dag eða um svipað leyti og hliðarsamningur þessi, skuli uppfylla allar skuldbindingar TIF, sem hefur verið stofnað til eða kann að verða stofnað til skv. grein 7.4. í breytta uppgjörssamningnum og ennfremur að í kjölfar gildistöku framsalsins muni FSCS ekki fylgja eftir framseldu réttindunum og skaðleysi því ekki gilda eftir það.
3. FSCS og TIF benda einnig á
- a. að frá því að upprunalegi uppgjörssamningurinn var gerður hefur nýr framkvæmdastjóri tekið við hjá FSCS og að í samræmi við það og með vísan til a-liðar greinar 12.2 (*Tilkynningar*) skuli allar tilkynningar til FSCS berast til Mark Neale, núverandi framkvæmdastjóra FSCS, og að í samræmi við það skuli orðin „mark.neale@fscs.org.uk“ koma í stað orðanna „loretta.minghella@fscs.org.uk“ og orðin „Mark Neale“ í stað orðanna „Loretta Minghella“,
  - b. að frá því að upprunalegi uppgjörssamningurinn var gerður hefur heimilisfang TIF, að því er varðar b-lið greinar 12.2 (*Tilkynningar*), breyst og er nú Borgartún 26, 105 Reykjavík, Ísland, og
  - c. TIF og FSCS hafa orðið ásaðtt um að tilkynningar skuli ekki sendar með alþjóðlegum ábyrgðarpósti og að í samræmi við það skuli c-liður greinar 12.3 hafður að engu.
4. Samningsaðilar hafa orðið ásaðttir um að ákvæði greina 9 (*Allur samningurinn*), 11 (*Samhljóða eintök*), 12 (*Tilkynningar*), 13 (*Gildandi lög og lögsaga*) og 18 (*Fallið frá friðhelgisréttindum*) gildi um hliðarsamning þennan eins og þau væru tíunduð í honum og skal þannig líta á allar vísanir í þessum málsgreinum til „samnings þessa“ sem vísanir til hliðarsamnings þessa.
5. Vinsamlegast undirritið og endursendið hliðarsamning þennan til að sýna fram á að þér samþykkið efni hans.

Virðingarfyllt,

The Financial Services Compensation Scheme Limited

Undirritað til samþykkis þann

2010

Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta á Íslandi

506170532